



Borgarráð

***Hagkvæmt húsnæði - Bryggjuhverfi - reitur D, framlenging á tímafresti lóðarvilyrðis***

Óskað er eftir að borgarráð heimili framlengingu lóðarvilyrðis til FA40 ehf í Bryggjuhverfi, lóð D. Lagt er til að vilyrðið verði framlengt um tvö ár eða til 5. desember árið 2023.

*Greinargerð:*

Á fundi borgarráðs þann 5. desember 2019 var samþykkt lóðarvilyrði til FA40 ehf. til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur á lóð D í Bryggjuhverfi. Í grein 2.1 í vilyrðinu kemur fram að það falli niður verði deiliskipulag ekki samþykkt innan tveggja ára frá samþykkt vilyrðisins.

Lóðin er ekki byggingarhæf að svo stöddu. Áætlað er að lóðin verði byggingarhæf um eða eftir áramót 2021-2022. Jafnframt er vinnu við breytingu á deiliskipulagi ekki lokið.

Í ljósi þessa aðstæðna er nauðsynlegt að framlengja lóðarvilyrðið til 5. desember 2023 í stað 5. desember 2021.

Ívar Örn Ívarsson